

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna verslunar og þjónustu í landi Brúna 1.

Skipulagsstofnun staðfesti 6. maí 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. mars 2024.

Í breytingunni felst hækkun hámarksbyggingarmagns úr 340 m² í 700 m² á svæði fyrir verslun og þjónustu VB17. Á svæðinu er gert ráð fyrir miðstöð fyrir ferðamenn auk bílastæða, leik- og útisvæðis. Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. maí 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 22. maí 2024